

Til bæjarráðs

Efni: Tillaga um lokun „Gamla Álftanesvegur“

Bæjarráð samþykkir að loka núverandi Álftanesvegi við gatnamót Herjólfstraugar í framhaldi af opnun nýs Álftanesvegur í nýrri veglínu norðan við prýðishverfi.

Greinargerð:

Með opnun nýs Álftanesvegur er nauðsynlegt að loka núverandi Álftanesvegi við Herjólfstraug til að koma í veg fyrir að umferð að hleinum, Hrafnistu og norðurbæ Hafnarfjarðar fari um veginn. Við úthlutun lóða í prýðishverfi var lögð áhersla á að með opnun nýs Álftanesvegur norðan hverfisins yrði gamli vegurinn innanhverfisvegur án gegnum aksturs.

Með lokun gatnamóta „Gamla Álftanesvegur“ og Herjólfstraugar mun umferðinni beint um gatnamót nýs Álftanesvegur sem eru vestar eða við landamerki Selskarðs.

Áður en til lokunar kemur er nauðsynlegt að vekja athygli á málinu gagnvart þeim sem það varðar m.a. með eftirfarandi hætti:

- Kynna málið með fyrirvara fyrir íbúum í Nausthleini og Boðahleini og benda þeim á tengingu við nýjan Álftanesveg.
- Kynna málið fyrir Hrafnistu og biðja um að íbúar á svæðinu og starfsmenn verði upplýstir um málið.
- Kynna málið fyrir Hafnarfjarðarbæ og biðja upplýsingadeild bæjarins að vekja athygli á málinu á vef bæjarins.
- Kynna mjög vel á vef Garðabæjar.
- Setja upp skilti við gatnamótin um fyrirhugaða lokun.
- Merkja veginn með viðeigandi skiltum þegar lokun er komin til framkvæmda.